



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

2 tbl. 2002, - 12 árg.

Apríl 2002

Porrablótið tókst vel í ár

Porrablót félagsins fór fram 23. febrúar síðastliðinn og var afar vel sótt. Seldir miðar voru um 235. Mæting var mun meiri en stjórnin gerði ráð fyrir og hefur mannfjöldi á blóti ekki verið jafn mikill í talsverðan tíma.

Sigurlaug Knudsen söngkona söng nokkur lög á undan borðhaldi og spilaði hljómsveit Stefáns P undir. Einnig spilaði hljómsveitin undir borðhaldi og fyrir dansi. Leikklúbburinn Spuni flutti revíuna "Hefð er ekki hefð nema



hefðin sé hefð" og kom þar með saman eftir nokkurt hlé. Leikstjóri að þessu sinni var hinn þekkti textahöfundur og listamaður Þorsteinn Eggertsson.

Veislustjóri kvöldsins var Anna Kristín Jónsdóttir.

Stjórn félagsins segist þökkalega ánægð með árangurinn og sýnist sem svo hún sé réttu megin við strikið að þessu sinni, aðalega vegna þess að hún var með barinn sjálf og vill þakka því starfsfólki sem þar

bauð fram starfskrafta sína. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem hjálpuðu við að gera þetta blót eins glæsilegt og raun bar vitni því til að svona þorrablót gangi upp þarf að leggja til talsverða vinnu.



Í þessu blaði:

<i>Porrablótið tókst vel</i>	1
<i>Starfsemi kirkjunefndar</i>	1
<i>Leikstjórn í Lúxembúrg</i>	2
<i>Unga fólkið og eldhústörfin</i>	3
<i>Skólamáli</i>	3
<i>Brúin kemur út hjá nýju fólki</i>	3
<i>Auglýsingar, Netfanginn</i>	4

Hvítasunnnumessa, skírn, ferming, afmæli!

Hvítasunnnumessa

Hvítasunnnumessa verður haldin 19. maí í Centre Convict þar sem kirkjan okkar er upptekin að þessu sinni.

Prestur er séra Jón A. Baldvínsson. Hann mun einnig ferma og skíra börn í Luxembourg.

Listamenn frá Englandi og Ungverjalandi eru væntanlegir og munu syngja og leika á hljóðfæri.

Síðdegis þennan sama dag verður haldin útihátíð í SCHWEBSINGEN sem er stuttan spöl frá Remich; í hlöðu sem er við veginn inn í þorpið. Hátíðin er haldin í tilefni 30 ára afmælis Félags Íslendinga í Luxembourg og byrjar kl. 17:00.

Boðið verður upp á Gúllassúpu, rauðvín frá Ungverjalandi og útigrill



með ýmsum matartegundum. Síðan verður dansað í hlöðunni til kl 01:00. Listamenn syngja og skemmtir m.a. drengjakór frá Ungverjalandi og listamenn frá London, ásamt fleirum.

Vonast kirkjunefnd til að sjá sem flesta, stóra sem litla íslendinga bæði í messunni og á afmælisveislunni miklu.

Kirkjunefndin

Kirkjunefndin er starfrækt í samstarfi við Félag Íslendinga í Luxembourg og er áætlað að halda guðþjónustur um það bil annan hvern mánuð. Í nefndinni starfa Eyjólfur Hauksson, María Huesmann, Sólveig Loftsson, Agnar Sigurvinsson og Sigurður Kristinsson. Einnig hafa aðrir verið mjög hjálpsamir við starfið og séð um bakstur og önnur undirbúningsstörf.

Takið virkan þátt í félagsstarfinu


Bjóðið fram aðstoð ykkar við félagsstarfið

Eflið starfið með jákvæðu hugarfari og þátttöku

Vinum saman!

Á döfinni:

- Kennt verður í íslenskuskólanum 16. apríl yngri hópur, 23. apríl eldri hópur. Sjá nánar inni í fréttablaðinu.
- Messað verður 19. maí kl. 14:00 í Convict Center. Ath. breyttan stað.
- Gúllaskvöld kirkjunefndar verður 19. maí, nánar auglýst síðar.
- Morgunkaffi Spuna verður í ScanShop 23. apríl kl. 10:00.





Leikstjórn í Lúxembúrg

Þorsteinn Eggertsson rithöfundur og textaskáld starfaði með Leikklúbbum Spuna að revíunni sem sett var upp á þorrablóti Félags Íslendinga í Luxembourg nú í febrúar. Hér skrifar hann hugrenningar sínar eftir ferðalagið og starfið.

Þótt ég hafi komið til litla landsins á milli Þýskalands, Belgíu og Frakklands fyrir mörgum árum og dvalið þar í góðu yfirlæti á Hotel Dagobert við þýsku landamærin, í tvær nætur eða svo, hefur mig alltaf langað að kynna landinu betur. Umhverfið var ævintýrlegt; uglur vældu í skóginum og einn morguninn, þegar ég vaknaði snemma, sá ég röð loftbelgja svífa yfir bæinn Grevenmacher. Seinna, þegar ég las fyrsta bindið af ævintýrum Harry's Potter, var ég sannfærður um að höfundur þeirra metsölubóka hlyti að hafa dvalið í Lúxembúrg.

Leikstjóra vantar til Lux

Og þegar ég frétti af því í fyrravetur að Leikklúbbinn Spuna vantaði leikstjóra var ég fljótur að sækja um starfið. Bæði á ég fullt af kunningjum í landinu og svo langaði mig að dvelja þar aftur. Ein af endurminningum mínum þaðan er frá björkrá í Grevenmacher þar sem fastagestir staðarins (kannski tuttugu manns) virtust tala öll mál álfunnar sín á milli. En Spuni fékk ekki að láta til skarar skriða í fyrra, svo ég beið í heilt ár.

Til Lux ég fór

Þegar ég kom svo til landsins í lok janúar s.l. var fjórtán stiga hiti og glampandi sólskin eftir n a p u r t veðurfarið á Íslandi. Mér fannst samt ekkert eðlilegra en að vera staddur þarna og sjá búfé á beit í grænum hógum. Það var kannski vegna þess að venjulegur Íslendingur, eins og ég, er alltaf meira hissa á

vetrarhörkunum en þeim örfáu sumardögum sem við njótum á Fróni. Matthildur Kristjánsdóttir tók á móti mér og hafði séð um að koma mér þægilega fyrir. Hún er afslöppuð kona og bóhem og mér leið strax vel heima hjá henni í Godbrange.

Starfið hefst

Síðan tók starfið við; uppsetning revíu fyrir þorrablótið. Leikhópurinn var ekki stór og næstum eingöngu konur. Sumar þeirra voru greinilega svolitið sjóaðar í leiklistinni en aðrar virtust bara vera þarna til að vera með. Ég man að Magga Rósa sagðist bara vera þarna til að geta fyllt upp í með milliraddasöng, ef það gagnaði eitthvað, en hún gæti ekkert leikið. Svo hófust æfingarnar, en þegar ég var rétt nýbúinn að kynna fólkinu með nafni og átta mig á getu þess, hvarf helmingurinn af hópnum í skiðaferð suður í Alpaþjöll. Þá tóku við glefsuæfingar en sem betur fór kom hljómsveitarstjórinn, Hermann Reynisson, til landsins skömmu síðar. Okkur varð strax vel til vana og ég fór smám saman að átta mig á landinu. Handritið og æfingarnar tóku hægfara stakkaskiptum en samt fékk ég það á tilfinninguna að ég væri ekki nógu frekur við fólk; það væri svo stuttur tími til stefnu. Ég er hins vegar algerlega á móti öskrum og frekju við leikstjórn, enda hef ég séð til söngstjóra og leikstjóra sem beita svoleiðis aðferðum

og hef ekki ennþá séð að þær skili tilætluðum árangri. Ég er meira fyrir Mozart og McCartney en Wagner og Beethoven. Á endanum tókst okkur þó að koma rúmlega klukkutíma verki niður í þrjá stundarfjórðunga. Ég hefði kannski viljað að við hefðum fullkomnara ljósakerfi og fleira baksviðsfólk en öllu var tjaldað sem til var. Leikararnir sjálfir sáu um að hanna og

sauma búninga (með hjálp nokkurra vina) og annað í þeim dúr. Handritahöfundarnir þurftu að sjá af góðu efni fara forgörðum vegna styttinga og jafnvel söngtextahöfundurinn góði (sem vildi ekki láta nafns síns getið sérstaklega) stakk sjálf(ur) upp á niðurskurði sem var ekki vinsæll meðal hópsins.

Sýningin

En sýningin var flott. Magga Rósa söng ekki bara bakraddir - hún brilleraði. Strákurinn í hópnum, Finnur, stækkaði líka performansinn með nærveru sinni. Og Íris og Matthildur og Guðrún og... í rauninni allur þessi þétti hópur sómuleiðis. Það var líka athyglisvert að Hermann hljómsveitarstjóri hafði fengið til liðs við sig ung-an pönkrokkara á bassa og roskinn swingara á trommur. Þar var því á ferðinni tríó sem hafði, í sameiningu, hláfrar aldar reynslu af tónlistarflutningi. Þessir forvitnilegu hljóðfæraleikarar áttu því sinn þátt í frábærum viðtökum áhorfenda á þorrablótinu.


Fallegt í Lúxembúrg

Mér finnst Lúxembúrg fallegt land og landslagið er svipað því sem ég hef sett í ævintýrlegustu myndirnar mínar. Hér eru almennt glæsilegri byggingar en tíðkast annarsstaðar - og þó hef ég ferðast um alla Evrópu og búið víða. En samt er einhverskonar tvískinnungur í mér gagnvart fólkinu í landinu. Mér finnst það, að sumu leyti, stífara en Bretar í syðstu héruðum Englands og formfastara en Þjóðverjar. Ef ekki væru þarna Íslendingar, sem virðast iðnir við að halda hópinn, vildi ég miklu heldur velja Írland, Amsterdam eða Kaupmannahöfn til búsetu. En hvað veit maður svosem um Lúxembúrg eftir aðeins mánaðardvöl þar?

Þorsteinn Eggertsson

Harðsnúna Hanna má ég koma í kvöld? Gvendur er að vinna ég veit hvað þú ert köld. Þorsteinn Eggertsson.

Er ég kem heim í Búðardal, bíður mín brúðarval. Þorsteinn Eggertsson.





Unga fólkið og eldhússtörfin

Árvakur lesandi benti ritstýru á að nú á dögum eldaði enginn venjulegan mat. Allt gengur út á að elda frumstæðan og sjaldgæfan mat, helst eitthvað sem enginn hefur prófað áður. Sami lesandi benti á að í gömlu góðu bókinni Unga stúlkan og eldhússtörfin, sem nú reyndar heitir Unga fólkið og eldhússtörfin, hugsanlega af því að nú eru ekki eingöngu stúlkur við eldavélina, væru býsn af góðum einföldum uppskriftum sem rétt væri að auglýsa. Svona rétt til að koma lesendum niður á jörðina aftur. Því fær hér að fylgja uppskrift að kakósúpu, sem er í miklu uppáhaldi hjá hinum árvaka lesanda við Mósélána.

1 1/2 msk kakó
2 msk sykur
1 dl vatn
3/4 l mjólk
1 1/2 msk kartöflumjöl
1/2 dl kalt vatn

Kakó, sykri og vatni er blandað saman í potti og soðið í 1-2 mínútur. Mjólkín látin þar næst í. Kartöflumjölið er hrært út með köldu vatni. Þegar sýður er potturinn tekinn af suðuplötunni, kartöflumjóljafningnum hellt út í mjörri bunn. Hrært vel í á meðan. Suðan látin koma upp aftur. Setja má örlítið salt í súpuna ef vill.

Tvíbökur í súpuna fást í Scan-Shop.

Nýjir meðlimir

Sigurður Sigurðsson
5 Bruchhausenstrasse
D-54290 TRIER
Sími: +49 651 7 31 49
Fax: +49 151 127 083 43
E-mail: ssigurdsson@hotmail.com

Þorsteinn Þorbergsson
Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir
15, rue de Niederdonven
L-5401 AHN
Sími: 26 747 298
GSM: 021 784 343
E-mail: rakelh@binet.is

Hákon Már Örvarsson
Sara Hlin Pálsdóttir
17, rue de Luxembourg
L-5752 FRISANGE
Sími: 668 411
GSM: 021 744 172
E-mail: saraogsunna@hotmail.com

*"Ég hef getað sofið,
þó að öðrum hafi
gengið vel". Loftur
Bjarnason, 1898-
1974,
útgerðarmaður í
Hafnarfirði.*

Skólamál

Langar ykkur að skilja Lúxembúrgska skólakerfið betur?

Félagið "The Luxembourgish Support Group" var stofnað fyrir 8 árum til að hjálpa erlendum foreldrum að skilja hvernig skólakerfið virkar. Félagið heldur upplýsingavöld fimmtudaginn 18. apríl klukkan 20:00 í Centre Prince Henri, Walferdange. Nánari upplýsingar um hvernig framhaldsskólinn virkar verða

gefnar, á ensku, af kennurum bæði frá Lycée classique og Lycée technique.

Félagið gefur einnig út bæklinga um bæði barnaskólann og framhaldsskólann, hægt er að kaupa þessa bæklinga og fá þá senda heim í pósti.

Upplýsingar gefur Moira Crowther, sími 80 24 21

(tekið úr Luxembourg News)

Íslenskuskólinn

Kennsla verður eftirfarandi þriðjudaga sem hér segir:

16. apríl kl. 13:00-15:00 5-7 ára.
23. apríl kl. 13:00-15:00 8-12 ára.
30. apríl kl. 13:00-15:00 5-7 ára.
7. maí kl. 13:00-15:00 8-12 ára.
14. maí kl. 13:00-15:00 5-7 ára.
28. maí kl. 13:00-15:00 8-12 ára.

Kennt verður í Verainsbau í Godbrange sem fyrr. Kennari verður Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, sími 2674 7298.



Það er leikur að læra, leikur sá er mér kær. Vita meira og meira, meir í dag en í gær.

Brúin kemur út hjá nýju fólki

Það er von ritstjórnar að lesendur hafi ánægju og gagn af útgáfu Brúarinnar sem nú kemur út undir stjórn nýrrar ritstjórnar.

Markmiðið er að Brúin komi út sem næst í hverjum mánuði, og segi frá liðandi atburðum í félagsstarfinu og frá því sem til stendur.

Lesendur hafa einnig kost á að koma ábendingum og efni á framfæri og þrátt fyrir öflug

ritskoðun munum við birta næstum því allt.


Ritstjórn vill biðja um að innsent efni sé sent á tölvutæku sniði, Word er hentugast en nánast allt annað gengur.

Fréttabréfið er sett út á Microsoft Publisher, notað er Gill Sans MT 8,5pt letur í meginefni en 16pt í fyrirsagnir. Bláðið er prentað úr í prentsmiðju Cargolux Airlines.

Útgáfuáætlun blaðsins er: 13. maí, 10. júní, 16. september, 16. október, 16. nóvember, 9. desember.

Efni skal skila inn minnst viku fyrir útgáfu og sendist til ritstýru blaðsins, Matthildar Kristjánsdóttur á matthildur@reynisson.com.

Ritstýra og ritstjórn





Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-1
Fax +352 787 077-31

BGL: 30-037917-24
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

Hvar er
vefsíðan okkar?

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2001-2002

Hafþór Þórarinnsson, formaður, 2634 0501
Jóhanna Jakobsdóttir, ritari, heimflutt
Jónína Sigurðardóttir, gjaldkeri
Bjargey Elíasdóttir, meðstjórnandi
Kári Guðbjörnsson, meðstjórnandi
Ragnhildur Eyjólfssdóttir, varamaður

Stjórn Kirkjunefndar 2001-2002

Eyjólfur Hauksson, formaður, sími 768 545
María Huesmann
Sólveig Loftsson
Agnar Sigurvinsson
Sigurður Kristinsson

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, sími 787 077-1
Bryndis Kristjánsdóttir, ritari
Guðrún Kristjánsdóttir, gjaldkeri

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, sími 2674 7298

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Eindagi félagsgjalda fyrir næsta starfsár er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld fyrir árið 2002/3 á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer 30-037917-24.

Greiðsluseðlar verða ekki sendir nema til vanskila komi. Vinsamlegast setjið nafn greiðanda og greiðsluár sem tilvísun (communication). Félagsgjöld eru € 40,- á mann eða € 80,- á hjón eða á fjölskyldu.

Litlu dálkarnir

Óskast

Hljómborðsleikari

Spunabandið óskar eftir hljómborðsleikara, tónelskum og færur, þarf helst að hafa gengið í tónlistarskóla til margra ára og vera læs á nótur, bæði á g og f lykklum. Verður að kunna flest íslensk lög og texta, gamla sem nýja. Þarf að eiga hljómborð, magnara og hátalara og helst söngkerfi líka. Þarf að vera íslenskur og búsettur nálægt Godbrange þar sem æfingar fara fram. Hafið samband við Hermann 021 375 700, ekki á matartímum.

Til sölu

Íslenskur söguatlas

Til sölu er íslenskur söguatlas í 3 bindum, verð aðeins €185,-. Einstakt verk þar sem saga Íslands frá landnámi til nútíma er sögð á lifandi og skemmtilegan hátt. Hægt er að skipta greiðslunum í tvo eða þrjá hluta. Laufey Ármansdóttir sími 356

593.Light reading

The Bookstand of the International Bazaar is holding a summer sale to supply YOU with holiday reading. There will be coffee, cakes, savouries, and other nice things to eat and drink. There will be lots of books of all sorts that you can drip suntan oil over or leave on planes because they'll cost you only ONE EURO each. And there will be a little musical entertainment. All this revelry will take place on Saturday 4 may a Am Duerf at Weimerskirch from 10 am to 4 pm. We do hope that you will be able to come!

Námskeið

Leikklúbburinn Spuni hefur í hyggju að halda leiklistarnámskeið helgina 27-28. apríl. Námskeiðið er öllum opið. Áhugasamir hafi samband við Bryndísi í síma 341882 eða fax 341883.

Símaskrá

Félagsmenn eru beðnir um að tilkynna til félagsins ný og breytt símanúmer, netföng, heimilisföng, o.þ.h.

—
"Verum í bandi" sagði hugfanginn

—
Kostar ekki júról!

—
Það kostar ekkert að auglýsa eða tilkynna hér í litlu sætu dálkunum okkar. Sendu okkur línu (eða fleiri).



NETFANGINN BENDIR Á:

Símaskráin í Lúx er núna á netinu, meira að segja á ensku líka. Reyndu að finna sjálfan þig á www.annuaire.lu.

Símaskráin á klakanum er á www.simaskra.is, endurbætt síða með kortum og fleiru. Móst fyrir þá sem hafa ekkert að gera nema að lesa mbl.is.

Ekki villast meira, flettu upp staðnum áður en þú leggur af stað, www.mappy.com. Þar geturðu líka gert ferðaáætlanir. Fyrir ferðaglaða er www.ltu.de með allar upplýsingar um flug uppá klaka.

Fyrir hina eru www.icelandair.is og www.luxair.lu ennþá til.

Brjóstavinir verða að skoða www.lalecheleague.lu

Sendu netfanganum gagnlegar
s l ó ð i r á